

Knattspyrnufélag ÍA

Ársreikningur  
2025

Knattspyrnufélag ÍA  
Íþróttamiðstöðinni Jaðarsbökkum  
300 Akranesi

Kt. 500487-1279

# Efnisyfirlit

---

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra .....	3
Áritun óháðs endurskoðanda .....	4
Rekstrarreikningur .....	6
Efnahagsreikningur .....	7
Sjóðstreymisyfirlit .....	8
Skýringar .....	9
Sundurliðanir .....	11
Rekstrarreikningur ársins 2025, áætlun 2025 & rekstur 2024 .....	12

# Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

---

Markmið og tilgangur Knattspyrnufélags ÍA er að iðka knattspyrnu, efling knattspyrnu-, æskulýðs- og félagsmála svo og að stuðla að bættri aðstöðu til iðkunar knattspyrnu á Akranesi. Félagið stendur fyrir knattspyrnustarfi í öllum aldursflokkum karla og kvenna, sér iðkendum sínum fyrir góðri knattspyrnuþjálfun vel menntaðra þjálfara og tekur þátt í knattspyrnumótum.

Árið 2025 lék meistaraflokkur karla í efstu deild en meistaraflokkur kvenna í næstefstu deild.

## Rekstur ársins 2025

Samkvæmt rekstrarreikningi nam hagnaður ársins 54,2 millj. kr. Eigið fé í árslok nam 235,2 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Vísað er til skýringa í ársreikningnum varðandi breytingar á eiginfjárreikningum.

## Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar er ársreikningur félagsins í samræmi við lög um ársreikninga og er það álit stjórnar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu 31. desember 2025 og rekstrarafkomu félagsins og breytingu á handbæru fé á árinu 2025.

Stjórn og framkvæmdastjóri Knattspyrnufélags ÍA staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2025 með undirritun sinni.

Akranesi, 17. febrúar 2026.

Í stjórn félagsins:

Framkvæmdastjóri:

# Áritun óháðs endurskoðanda

---

Til stjórnar Knattspyrnufélagsins ÍA.

## Áritun um endurskoðun ársreikningsins

### Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Knattspyrnufélagsins ÍA („félagið“) fyrir árið 2025. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2025 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2025, í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga.

### Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við siðareglur sem gilda um endurskoðun ársreikninga á Íslandi. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

### Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð á eftirliti með gerð ársreikningsins.

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.

# Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

---

## Ábyrgð endurskoðanda, frh.:

- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal alla verulega annmarka á innra eftirliti sem við greinum við endurskoðun okkar.

## Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram annars staðar í ársreikningnum.

Reykjavík, 17. febrúar 2026.

**KPMG ehf.**

# Rekstrarreikningur ársins 2025

	Skýr.	2025	2024
<b>Rekstrartekjur</b>			
Styrktaraðilar .....		138.667.616	112.237.365
Rekstrarsamningur við Akraneskaupstað .....		40.000.000	38.000.000
Tekjur af mótum KSÍ .....		77.208.788	84.744.354
Tekjur af mótahaldi .....		73.078.436	51.607.184
Æfinga- og félagsgjöld .....		75.536.336	67.121.116
Aðrar rekstrartekjur .....		21.302.978	14.257.142
	2	<u>425.794.154</u>	<u>367.967.161</u>
<b>Rekstrargjöld</b>			
Laun og launatengd gjöld .....	6	153.101.546	124.145.570
Verktakagreiðslur, afreksstyrkir og tengdur kostnaður .....		109.777.623	115.172.758
Kostnaður vegna þátttöku í Íslandsmótum .....		57.133.142	37.964.434
Kostnaður af mótahaldi ÍA .....		28.816.687	20.248.256
Skrifstofu og stjórnunarkostnaður .....		19.789.751	16.298.028
Annar rekstrarkostnaður .....		100.946.329	83.205.134
Afskriftir yfirverðs leikmanna .....	8	4.750.000	3.624.140
Afskriftir rekstrarfjármuna .....	9	2.360.109	1.250.541
		<u>476.675.187</u>	<u>401.908.861</u>
Tap fyrir fjármunatekjur og fjármagnsliði .....		( 50.881.033 )	( 33.941.700 )
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Vaxtatekjur .....		1.855.767	9.147.758
Vaxtagjöld og verðbætur .....		( 291.544 )	( 20.898 )
Gengismunur .....		2.878.008	( 351.620 )
		<u>4.442.231</u>	<u>8.775.240</u>
<b>Óreglulegir liðir</b>			
Leikmannaviðskipti .....		100.601.040	81.098.926
<b>Hagnaður ársins</b> .....	10	<u>54.162.238</u>	<u>55.932.466</u>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2025

	Skýr.	2025	2024
<b>Fastafjármunir</b>			
Verðgildi leikmanna .....	3,8	12.900.000	10.500.000
Rekstrarfjármunir .....	4,9	136.887.599	139.247.708
Fastafjármunir samtals		<u>149.787.599</u>	<u>149.747.708</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur .....		69.925.455	61.044.031
Handbært fé .....	5	31.712.883	952.981
Veltufjármunir samtals		<u>101.638.338</u>	<u>61.997.012</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>251.425.937</u>	<u>211.744.720</u>
<b>Eigið fé</b>			
Endurmatsreikningur.....		3.700.000	4.700.000
Óráðstafað eigið fé .....		231.473.998	177.311.760
Eigið fé samtals	10	<u>235.173.998</u>	<u>182.011.760</u>
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Skammtímaskuldir við lánastofnanir .....		0	9.108.048
Viðskiptaskuldir .....		5.076.569	12.690.322
Aðrar skammtímaskuldir .....		11.175.370	7.934.590
Skammtímaskuldir samtals		<u>16.251.939</u>	<u>29.732.960</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>251.425.937</u>	<u>211.744.720</u>

## Sjóðstreymisyfirlit árið 2025

	Skýr.	2025	2024
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hagnaður ársins .....	10	54.162.238	55.932.466
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Söluhagnaður leikmanna .....		( 100.601.040 )	( 81.098.926 )
Afskriftir .....	8,9	7.110.109	4.874.681
Veltufé til rekstrar		( 39.328.693 )	( 20.291.779 )
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímakröfur, hækkun .....		( 8.881.424 )	( 47.343.072 )
Skammtímaskuldir, lækkun (hækkun) .....		( 4.372.973 )	6.038.155
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum		( 13.254.397 )	( 41.304.917 )
Handbært fé til rekstrar		( 52.583.090 )	( 61.596.696 )
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Fjárfesting í rekstrarfjármunum .....		0	( 113.729.716 )
Kaupverð leikmanna .....		( 11.500.000 )	( 1.424.140 )
Söluverð leikmanna .....		103.951.040	81.098.926
Fjárfestingarhreyfingar		92.451.040	( 34.054.930 )
<b>Fjármögnunarhreyfingar:</b>			
Skammtímalán, (lækkun) hækkun .....		( 9.108.048 )	9.108.048
Fjármögnunarhreyfingar		( 9.108.048 )	9.108.048
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b> .....		30.759.902	( 86.543.578 )
<b>Handbært fé í ársbyrjun</b> .....		952.981	87.496.559
<b>Handbært fé í árslok</b> .....		31.712.883	952.981

# Skýringar

## Reikningsskilaaðferðir

### 1. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Knattspyrnufélagsins ÍA er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er í meginatriðum gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

### 2. Innlausn tekna

Tekjur eru færðar í rekstrarreikning í samræmi við reglugerðir og leyfiskerfi KSÍ og UEFA. Tekjur af veittri þjónustu eru færðar í rekstrarreikning í hlutfalli við stöðu verks á uppgjörsdegi. Tekjur eru ekki færðar ef veruleg óvissa er um innheimtu þeirra og tengdan kostnað.

### 3. Óefnislegar eignir

Félagið eignfærir leikmannasamninga sína í samræmi við reglur og staðla KSÍ. Yfirverð leikmannasamninga er afskrifað árlega á samningstíma og er sú afskrift færð í rekstrarreikning. Endurmat samninganna er fært á endurmatsreikning meðal eigin fjár, sbr. skýringu 10.

### 4. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundradshluti miða við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð.

### 5. Handbært fé

Bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

### 6. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	2025	2024
Laun .....	122.924.243	98.800.657
Launatengd gjöld .....	26.081.303	21.168.759
Bifreiðastyrkir .....	4.096.000	4.176.154
Samtals laun og launatengd gjöld .....	153.101.546	124.145.570
Fjöldi starfsmanna að meðaltali .....	14	12

Laun og launatengd gjöld ársins 2025 náum alls 153,1 millj. kr. (2024: 124,1 millj. kr.) og þar af vegna stjórnenda á skrifstofu 33,5 millj. kr. (2024: 30,9 millj. kr.).

### 7. Yngri flokkar

Beinn kostnaður vegna yngri flokka félagsins samanborið við innheimt æfingagjöld seinustu þriggja ára greinast þannig:

	Beinn kostnaður	Æfingagjöld	Hlutfall %
Árið 2025 .....	115.000.000	74.000.000	64,3%
Árið 2024 .....	92.000.000	64.000.000	69,6%
Árið 2023 .....	81.000.000	59.000.000	72,8%

## Skýringar frh:

### 8. Óefnislegar eignir

Leikmannasamningar greinast þannig:	2025	2024
Bókfært verð 1.1. ....	10.500.000	12.100.000
Eignfærðir leikmenn á árinu .....	11.500.000	1.424.140
Seldir og aflagðir leikmenn .....	( 3.350.000)	0
Afskrifað á árinu .....	( 4.750.000)	( 3.624.140)
Matsbreytingar .....	( 1.000.000)	600.000
Bókfært verð 31.12. ....	12.900.000	10.500.000

Greiðslur til umboðsmanna námu 2,2 millj. kr. á árinu 2025.

### 9. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir greinast þannig:	Fasteignir	Bifreiðar, vélar og tæki	Samtals
Bókfært verð 1.1.2024 .....	26.173.533	595.000	26.768.533
Viðbót á árinu .....	111.000.000	2.729.716	113.729.716
Afskrifað á árinu .....	( 725.589)	( 524.952)	( 1.250.541)
Bókfært verð 31.12.2024 .....	136.447.944	2.799.764	139.247.708
Afskrifað á árinu .....	( 1.380.295)	( 979.814)	( 2.360.109)
Bókfært verð 31.12.2025 .....	135.067.649	1.819.950	136.887.599

Fasteignamat fasteigna félagsins í árslok nam 150,3 millj. kr. og brunabótamat nam 131,3 millj. kr.

### 10. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:	Endurmat	Óráðstafað eigið fé	Samtals eigið fé
Eigið fé 1.1. 2025 .....	4.700.000	177.311.760	182.011.760
Breyting á endurmati .....	( 1.000.000 )		( 1.000.000 )
Hagnaður ársins .....		54.162.238	54.162.238
Eigið fé 31.12.2025 .....	3.700.000	231.473.998	235.173.998

## Sundurliðanir

### Rekstrartekjur

Styrktaraðilar greinast þannig:	2025	2024
Styrktaraðilar .....	93.946.907	69.552.249
Akraneskaupstaður .....	27.810.644	25.237.101
Sterkir Skagamenn .....	5.159.710	5.448.066
Íþróttabandalag Akraness .....	6.186.880	7.500.000
Aðrir styrkir og framlög .....	5.563.475	4.499.949
	<u>138.667.616</u>	<u>112.237.365</u>
Aðrar tekjur greinast þannig:		
Rekstrarsamningur við Akraneskaupstað .....	40.000.000	38.000.000
Sjónvarps- og markaðstekjur af mótum KSÍ .....	19.050.587	19.651.279
Aðgangseyrir og veitingasala .....	16.636.488	12.096.911
Knattspyrnusamband Íslands .....	1.187.500	937.500
Þróun ungra leikmanna (UEFA) .....	0	13.565.845
Samstöðubætur (UEFA) .....	39.184.157	37.871.000
Tekjur af mótahaldi .....	73.078.436	51.607.184
Æfinga- og félagsgjöld .....	75.536.336	67.121.116
Fjáraflanir .....	13.510.664	6.983.025
Aðrar tekjur .....	8.942.370	7.895.936
	<u>287.126.538</u>	<u>255.729.796</u>
Samtals rekstrartekjur af reglulegri starfsemi	<u>425.794.154</u>	<u>367.967.161</u>

# Rekstrarreikningur ársins 2025, áætlun 2025 & rekstur 2024

	2025 - raun		2025 - áætlun	2024 - raun
<b>Rekstrartekjur</b>				
Styrktaraðilar .....	138.667.616	-1%	140.000.000	112.237.365
Rekstrarsamningur við Akraneskaupstað .....	40.000.000	0%	40.000.000	38.000.000
Tekjur af mótum KSÍ .....	77.208.788	-15%	90.650.000	84.744.354
Tekjur af mótahaldi .....	73.078.436	29%	56.500.000	51.607.184
Æfinga- og félagsgjöld .....	75.536.336	2%	74.000.000	67.121.116
Aðrar rekstrartekjur .....	21.302.978	-7%	23.000.000	14.257.142
	<u>425.794.154</u>	0%	<u>424.150.000</u>	<u>367.967.161</u>
<b>Rekstrargjöld</b>				
Laun og launatengd gjöld .....	153.101.546	8%	142.400.000	124.145.570
Verktakagreiðslur, afreksstyrkir og fleira .....	109.777.623	-5%	115.100.000	115.172.758
Kostnaður vegna þátttöku í Íslandsmótum .....	57.133.142	35%	42.300.000	37.964.434
Kostnaður af mótahaldi ÍA .....	28.816.687	70%	17.000.000	20.248.256
Skrifstofu og stjórnunarkostnaður .....	19.789.751	23%	16.124.000	16.298.028
Annar rekstrarkostnaður .....	100.946.329	17%	86.205.000	83.205.134
Afskriftir yfirverðs leikmanna .....	4.750.000	-	1.500.000	3.624.140
Afskriftir .....	2.360.109	-	600.000	1.250.541
	<u>476.675.187</u>	13%	<u>421.229.000</u>	<u>401.908.861</u>
(Tap) hagnaður fyrir fjármagnsliði .....	( 50.881.033 )	-1842%	2.921.000	( 33.941.700 )
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>				
Vaxtatekjur .....	1.855.767	-47%	3.500.000	9.147.758
Vaxtagjöld og verðbætur .....	( 291.544 )	-	0	( 20.898 )
Gengismunur .....	2.878.008	-	0	( 351.620 )
	<u>4.442.231</u>	-	<u>3.500.000</u>	<u>8.775.240</u>
<b>Óreglulegir liðir</b>				
Leikmannaviðskipti .....	100.601.040	34%	75.000.000	81.098.926
<b>Hagnaður ársins</b> .....	<u>54.162.238</u>	-33%	<u>81.421.000</u>	<u>55.932.466</u>